

Emil Hjörvar Petersen og Harpa Jónsdóttir

# Töfraskinna

BÓKMENNTIR FYRIR MIÐSTIG



KENNSLULEIÐBEININGAR

## Til kennara

Eins og nafn *Töfraskinnu* gefur til kynna eru furðusögur og efni þeim tengt einskonar leiðarþráður bókarinnar. Við val á textum og efni í bókina var lögð áhersla á að efnið væri skemmtilegt og áhugavert fyrir nemendur og að það verði hvatning til áframhaldandi lestrar. Textarnir eru úr ýmsum áttum, bæði íslenskir og erlendir, skáldskapur og fróðleikur. Bókin skiptist í fimm kafla þar sem hver kafli hefur sitt þema.

Efni kaflanna kallast nokkuð á og því er tilvalið að flakka á milli kafla og velja það sem hentar hverju sinni. Náms efnið miðar að því að ná til sem flestra grunnpátta Aðalnámskrár grunnskóla frá 2011. Við val á textum og verkefnum voru hæfniviðmið fyrir miðstig grunnskólans í íslensku höfð að leiðarljósi samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla, greinasviði, í íslensku frá 2013. Töluverð áhersla er lögð á ritlist og margvísleg ritunarverkefni, en vandalaust er að breyta ritunarverkefnum í umræður eða túlkunarverkefni og öfugt.

Það er von okkar að *Töfraskinna* auki áhuga nemenda á lestri og hvetji til skapandi vinnu með tungumálið og að kennsluleiðbeiningar þessar komi kennurum að nokkru gagni við undirbúning kennslunnar.

*Emil Hjörvar Petersen og Harpa Jónsdóttir*



# Gott að hafa í huga

## Umræður, rökræður og að skiptast á skoðunum

Með því að tjá hugsanir sínar í orðum, hlusta á aðra og skiptast á skoðunum eykst orðaforði nemenda og máltilfinning eflist. Umræðan er mikilvæg, þó að hún sé tímafrek, og þarf að notast til jafns við aðra þætti. Þannig er einnig komið til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Eitt af því sem mögulegt er að gera til að örva umræður og æfa hlustun er að hafa ákveðinn ramma til þess að allir fái að segja sína skoðun. Aðferðin einn, tveir, allir er kjörin við þær aðstæður.

- Nemandi byrjar á að velta einhverju málefni fyrir sér og/eða skrá hugmyndir/skoðanir sínar á blað.
- Næst geta tveir, eða þeir sem sitja saman við borð, borið saman bækur.
- Endað er á því að stærri hópur eða allur bekkurinn ræðir efnið.

## Sköpun

„Í bókmenntum finna ungir lesendur fyrirmyndir og geta sett sig í spor persóna. Þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmynd nemenda og kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og minnihlutahópa.“ (Aðalnámskrá bls. 99.) Með því að flétta leikræna tjáningu, spuna og myndlist saman við bókmenntakennslu er komið til móts við ólíkar þarfir nemenda. Þeim finnst þetta yfirleitt kærkomin tilbreyting og það rímar við einn af grunnþáttum aðalnámskrár.

## Spuni

Þegar nemendur spreyta sig í leikrænni tjáningu setja þeir sig í spor annarra, lifa sig inn í aðstæður og fá að vera einhverjir aðrir stutta stund. Þetta reynir m.a. á þætti eins og samvinnu, tillitssemi, ímyndunarafli, tjáningu og framsögn.

## Heyr rödd formæðranna og kærur lesendur

Bókin hefst á ljóðinu *Heyr rödd formæðranna* eftir Mari Boine. Hér getur kennari staldrað við lesið ljóðið með nemendum og rætt um efni þess og orð sem nemendur gætu átt í erfiðleikum með. Ljóðið kallast á við efni fimmta og seinasta kaflann og er ekki úr vegi að lesa ljóðið svo aftur yfir þegar vinnu við fimmta kaflann er að ljúka.

Eins er gagnlegt að lesa með nemendum ávarpið til þeirra og ræða um bókina og hvaða væntingar nemendur hafa.

## 1. kafli: Tíminn

Í fyrsta kafla er meðal annars lögð áhersla á:

- lestur og lesskilning
- upplýsingaleit í texta og úrvinnslu á skapandi hátt
- sjálfstæðar rannsóknir
- umræður
- ritun
- íhugun erfiðra spurninga
- leikræna tjáningu
- ljóðagerð
- að nemendur kynnist furðusögum

### Tímakistan

*eftir Andra Snæ Magnason bls. 8*

Andri Snær Magnason hefur skrifað skáldsögur, leikrit og ljóð, fengist við kvikmyndagerð og fleira. Hann hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, meðal annars Íslensku bókmenntaverðlaunin, Vestnorrænu barnabókaverðlaunin og heiðursverðlaun Janusz Korczak. Verk hans hafa verið gefin út eða sýnd í meira en 22 löndum.

Nánari upplýsingar um höfundinn er að finna á vefnum *bokmenntir.is* [http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134\\_read-32/RSkra-32/](http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134_read-32/RSkra-32/) og á vefsíðu höfundarins <http://www.andrisnaer.is/>

### Um tímann

„Tíminn líður trúðu mér“, segir í gömlu danskvæði, og flest getum við tekið undir það. Á *Vísindavefnum* eru góðar greinar um eðli tímans, meðal annars svar Guðmundar Guðmundssonar „Hvað er tíminn“: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=433> og svar Eyju Margrétar Brynjarsdóttur „Hvað er tími“: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=777>

Á heimasíðu *Lifandi vísinda* er að finna hnitmiðað greinarkorn um hvað hvernig vísindamenn skilgreina tímann: <http://www.visindi.is/grein/hvad-er-timi-eiginlega>

## Kurteisi og hirðsiðir

Í kaflanum sjálfum má lesa nokkuð um hirðsiði Pangeu: Hrafninn hneigir sig fyrir föður sínum og heilsar honum með orðum sem hún er búin að læra fyrirfram, konungurinn heilsar formlega og ópersónulega. Dagskráin er tilkynnt með lúðrablæstri. Feðginin sitja við sitt hvorn endann á gríðastóru langborði, það eru haldnar margar ræður í veislunni, Hrafninn þekkir ekki gestina og það er ótrúlega íburðamikill matur.

## Staldræðu við bls. 15

### 1. Margskonar svör. Til dæmis:

- Þögnin sefar ekki sorgina: Aðgerðaleysi huggar ekki þann sem er sorgmæddur.
- Sá sem safnar öllu sprekinu gæti brennt sig á bálinu: Græðgi borgar sig ekki.
- Heiminum verður ekki stýrt með einu höfði: Það þarf fleiri en einn til að stýra heiminum.

### 2. Spurningunni um hvort hægt sé að sigra tímann er varla hægt að svara án þess að velta því fyrir sér hvað tími sé. Er tíminn aðeins eitthvað sem mælir allar breytingar sem eiga sér stað í lífi okkar? Eða er hann eitthvað meira?

Áður en spurningunni um hvort mögulegt og/eða eftirsóknarvert sé að sigra heiminn er svarað þarf að velta því fyrir sér hvað felst í orðasambandinu. Er heimurinn sigraður með ófriði og hervaldi? Eða er hægt að sigra heiminn á annan hátt?

Tímaflakk og margskonar stjórn á tímanum eru vinsæl sagnapemu, meðal annars í kvikmyndum, sjónvarpsefni og bókmenntum. Sem dæmi má nefna myndirnar *Back to the Future* og bókina *Harry Potter og fangann frá Azkaban*, þar sem Hermione Granger skrifar tímann fram og til baka. En til hvers er verið að fíka í tímanum? Hverju myndum við sækjast eftir ef við hefðum stjórn á honum? Hér koma mjög mörg svör til greina — meðal annars svarið að viðkomandi vilji alls ekki eiga við tímann — og ekkert svar er rangt.

### 3. Mörg svör. Áður en þessi verkefni eru leyst er gott að lesa kaflann aftur og leita að vísbendingum, bæði beinum, eins og „héðan í frá yrði heiminum stjórnað frá konungshöllinni ...“ og „í matinn var heilgrillaður fíll ...“ og óbeinum, eins og því hvernig feðginin heilsast eftir margra ára aðskilnað. Það gefur vísbendingar um hirðsiðina sem tíðkast í höllinni og hversu formleg tilkynning frá höllinni myndi líklega vera.

### 4. Er konungurinn gerandi (kónguló) sem ríkir yfir neti tímans, eða fórnarlamb (fluga) rígfast í netinu? Þetta verkefni hentar jafnt til umræðna og ritunar og einnig sem myndverkefni eða blandað mynd- og ritunarverkefni.

### 5. Áður en þessari spurningu er svarað getur verið skemmtilegt að líta á textann og reyna að átta sig á auðæfum konungs. Hér eru tvær vefsíður þar sem kastalar og hallir eru til sölu. Þar er hægt að sjá verð á þessháttar byggingum:

<http://www.prestigeproperty.co.uk/CastlesForSale/Properties.asp>

<http://www.castlesandmanorhouses.com/chateauxforsale.htm>

### 6. Þessi spurning er ætluð til umhugsunar, þannig að hver nemandi íhugi spurninguna á eigin forsendum, en þurfi ekki á neinn hátt að gera grein fyrir svari eða niðurstöðu.

## Furðusögur

bls. 16

Markmiðið með textanum um furðusögur og tengd verkefni er að kynna hinn gríðarstóra heim furðusagnanna fyrir nemendum. Skoða má hversu fjölbreyttar furðusögurnar eru, því að umfjöllunarefnið eru ólík, birtingarmyndir furðunnar — hins yfirnáttúrulega — eru jafn fjölbreyttar og margslungrar og sögurnar eru margar.

### Ítarefni

- Á vefsíðunni *Worlds Without Ends* má finna hnitmiðaðar útskýringar á flestum undirgreinum furðusagna:  
[https://www.worldswithoutend.com/resources\\_sub-genres.asp](https://www.worldswithoutend.com/resources_sub-genres.asp)
- Á netútgáfu *The Encyclopedia of Science Fiction* má finna samantekt um íslenskar furðusögur fram að 2012: <http://www.sf-encyclopedia.com/entry/iceland>. Þessi vefsíða í heild er einnig gott uppsláttarrit á ensku um allt sem tengist furðusögum.
- Á vef Borgarbókasafnsins og Bókasafns Seltjarnarness má finna lista yfir furðusögur á íslensku fyrir börn og unglinga:  
<http://www.borgarbokasafn.is/is/content/fantas%C3%ADur>  
[http://www.seltjarnarnes.is/media/frettir/Unglingabaekur\\_flokkar.pdf](http://www.seltjarnarnes.is/media/frettir/Unglingabaekur_flokkar.pdf)
- Í nýlegu lokaverkefni við Háskóla Íslands var íslenskum og þýddum fantasíum gerð fremur greinargóð skil: Inga Rósa Ragnarsdóttir, *Athugun á íslenskum og þýddum samtímafantasíum á Íslandi*, lokaverkefni við Háskóla Íslands, 2014:  
<http://skemman.is/handle/1946/19386>

### Aukaverkefni

Nemendur velja eina sögu sem þeir hafa fundið, kynna sér hana til hlítar og flytja stutta bókakynningu fyrir bekkinn, segja frá söguþræði, persónum, söguheimi, atburðarás, vættum og verum o.fl.

## Gegnum glervegginn

eftir Ragnheiði Gestsdóttur bls. 17

Ragnheiður Gestsdóttir lauk kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands og prófi í listasögu frá háskólanum í Árósum. Ragnheiður stundaði einnig nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Ragnheiður hefur skrifað og myndskreytt fjölda barna- unglinga- og kennslubóka og hlotið margskonar verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín. Sem dæmi má nefna Íslensku barnabókaverðlaunin, IBBY verðlaunin og Norrænu barnabókaverðlaunin.

Nánari upplýsingar um höfundinn má finna á vefnum *bokmenntir.is*: [http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066\\_read-18668/RSkra-132](http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066_read-18668/RSkra-132) og á vef Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO, bokmenntaborgin.is  
<http://dev.bokmenntaborgin.is/content/ragnhei%C3%B0ur-gestsd%C3%B3ttir>

## Staldraðu við bls. 22

1. Mismunandi svör, svo sem: Borgarbúar hafa aðgang að einhvers konar skjáum og myndablöðum. Haldnar eru ýmiskonar keppnir og matarveislur. Flestir í borginni leiða ekki hugann að aðstæðum fólksins utan múranna. Það sem borgarbúar þurfa kemur utanfrá. Borgarbúar eru með þjónustufólk. Borgarbúar fylgja tískunni. Í borginni er alltaf hæfilega hlýtt því loftið er hitað á veturna og kælt á sumrin með vélum sem ganga dag og nótt. Borgarbúar taka nærri alla orku sem til er í landinu.
2. Mismunandi svör, svo sem: Íslendingar búa almennt í upphituðum húsum (borgin sjálf er upphituð), hér er nægur matur, margir sem búa á Íslandi fylgja tiskustraumum, það er keppt í fegurð og fleiru þessháttar á Íslandi, Íslendingar eru almennt ekki með þjónustufólk, það er ekki konungsfjölskylda á Íslandi, það er ekki múr utan um borgina.
3. Mismunandi svör. Þetta verkefni er tilvalið til að vekja umræður um hvaðan hlutir sem við notum daglega koma og hvað þeir kosta, ekki aðeins í peningum heldur einnig með tilliti til þátta eins og mengunar og mannlegrar þjáningar. Þess ber þó að gæta að þetta geta verið viðkvæmar umræður. Það er til dæmis mikilvægt að gæta þess að íþyngja ekki börnum með samviskubiti yfir fatnaði sem foreldrar þeirra kaupa handa þeim.

## Ítarefni

- Sara Fenger Þórðardóttir. 2012. Verkaþólk í fataiðnaði í Asíu: Aðstæður og utanaðkomandi afskipti. Lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði, Félags- og mannvísindadeild Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.
  - <http://www.theguardian.com/commentisfree/2012/dec/13/apparel-industry-outsourcing-garment-workers-bangladesh>
  - <http://www.theguardian.com/world/ng-interactive/2014/apr/bangladesh-shirt-on-your-back>
4. Mismunandi svör. Fatatíska er mest áberandi, en það er tíska í húsbyggingum, hönnun bíla, matargerð, ákveðnar gæludýrategundir geta dottið í og úr tísku og svo mætti lengi telja. Einnig má velta því fyrir sér til hvers tíska sé og hvaðan tiskustraumarnir komi. Í kaflanum er talað um tísku í sambandi við „frúna“ og „hennar hátign“ þó einnig sé minnst á að allir drekki jurtate því það sé í tísku og að „allir þurfi að vera eins“. Þessi spurning gefur tækifæri til að ræða afstöðu kynjanna til tísku og útlits.
  5. Almennt orðaleitaverkefni sem getur nýst vel ef umræður staðna í tengslum við hin verkefni.

## Ítarefni

Ásdís Jóelsdóttir, Tíska aldanna (Reykjavík: Mál og menning, 2005).

## Fróðleiksmoli: Háir hælur bls. 23

Á vef *Bata skósaðsins* er skemmtilegt kennsluefni um sögu hárra hæla: [http://www.allaboutshoes.ca/en/heights\\_of\\_fashion/](http://www.allaboutshoes.ca/en/heights_of_fashion/)

## Flóttinn

*eftir Terry Pratchett bls. 24*

Sir Terence David John „Terry“ Pratchett var einn af þekktustu og vinsælustu furðusagnahöfundum heims. Hann var afar afkastamikill og skrifaði bæði fyrir börn og fullorðna. Pratchett er þekktastur fyrir Diskheims-bókaflokkinn, sá flokkur telur yfir 40 skáldsögur auk myndabóka, kortabóka, matreiðslubóka og margskonar fylgirit.

Nánari upplýsingar um Pratchett og verk hans má finna á vefsvæði höfundarins:

<http://www.terrypratchettbooks.com/>

Á vefnum *bokmenntir.is* má finna grein Úlfhildar Dagsdóttur um Terry Pratchett og ævintýraheim hans. [http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/6711\\_view-2884/6709\\_page-4/tabid-3409/5648\\_read-20402/](http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/6711_view-2884/6709_page-4/tabid-3409/5648_read-20402/)

Bækur eftir Terry Pratchett sem hafa verið þýddar á íslensku:

- Litbrigði galdranna
- Furðuljósið
- Flóttinn
- Undir berum himni

## Staldráðu við bls. 25

1. Hér er hægt að notast við hugtakakort, þar sem orðið tími er skrifað í miðjuna, jafnvel á töfluna. Það er þó ekki nauðsynlegt. Athugið að hvergi er tekið fram að orðin þurfi að byrja á *tími/tíma* eða þessháttar, aðeins að þau tengist tíma. Það er kennara að meta hvort þeir benda nemendum á þetta í byrjun, eða leyfa þeim að uppgötva það sjálfum.

Á vefnum *Viskuveitan* er dæmi um hugstormun: <http://vefir.nams.is/viskuveitan/pdf/4bekkur/hugstormun.pdf>

2. Spurningin um afstæði er vissulega flókin fyrir þennan aldurshóp, en þó er vel hægt að velta því fyrir sér hvernig ólíkir einstaklingar upplifa tíma á mismunandi hátt. Sem dæmi má nefna aðfangadag. Börnunum finnst tíminn líða hægt, því þau gera lítið annað en að bíða, en fullorðna fólkinu finnst tíminn líða hratt, því það er að undirbúa mat, taka til og fleira.

Á vef sjónvarpsstöðvarinnar Public Broadcasting Service (PBS) er hægt að skoða lundinn þar sem Metúsalem vex (því er haldið leyndu hvaða tré það er) og lesa um trén.

[http://www.pbs.org/wgbh/nova/methuselah/expl\\_discovery.html](http://www.pbs.org/wgbh/nova/methuselah/expl_discovery.html)

## Gullgerðarmaðurinn

*eftir Michael Scott bls. 26*

Michael Scott er meðal þekktustu og vinsælustu rithöfunda Íra. Hann skrifar jafnt fyrir börn og fullorðna, hefur hingað til skrifað meira en hundrað bækur sem gefnar hafa verið út í 38 löndum og þýddar á meira en tuttugu tungumál. Michael Scott skrifar meðal annars fantasíur, vísindaskáldsögur, leikrit og kvikmyndahandrit. Michael Scott skrifar einnig undir höfundarnafninu Anna Dillon.



Nánari upplýsingar um höfundinn má finna á heimasíðu hans: <http://www.dillonscott.com/the-secrets-of-the-immortal-nicholas-flamel/author/>

Bækur eftir Michael Scott sem þýddar hafa verið á íslensku, allar úr floknum um hinn ódauðlega Nicolas Flamel:

- *Gullgerðarmaðurinn*
- *Töframaðurinn*
- *Seiðkonan*
- *Særingamaðurinn*
- *Eiðrofinn*
- *Töfradísin*

Nicolas Flamel er ekki einungis söguperóna í *Gullgerðarmanninum*. Flamel fæddist líklega í Pontoise, norðvestan við París um það bil 1330 og dó í Parísarborg þann 22 mars 1418. Hann var skrifari og handritasali. Hann giftist eiginkonu sinni Penerelle árið 1368. Flamelhjónin voru auðug og þekkt, þau studdu myndarlega við kirkjur og greiddu meðal annars fyrir trúarlegar höggmyndir, en ekkert bendir til þess að þau hafi fengist við gullgerð.

Hugmynd Scotts um Flamel sem hinn mikla gullgerðarmann byggist á sautjándu aldar verkum, sérstaklega *Livre des figures hiéroglyphiques* sem kom út í París 1612 og var eignuð Flamel. Í bókinni er leit Flamels að viskusteininum lýst og meintum afrekum hans sem gullgerðarmanns. Kjarninn í orðspori hans er að honum hafi tekist að ná tveimur aðalmarkmiðum gullgerðarlistarinnar, það er að búa til viskusteininn sem breytir óæðri málum í gull og að öðlast eilíft líf með „lífselexínum“.

Flamel er getið í ýmsum bókmenntaverkum, svo sem *Hringjaranum frá Notre Dame* eftir Victor Hugo, *Indiana Jones and the Philosopher's Stone* eftir Max McCoy, *Da Vinci* lyklinum eftir Dan Brown, *Harry Potter og viskusteininum* eftir J. K. Rowling og áður nefndum *Gullgerðarmanni* eftir Michael Scott.

Á vefnum Atlas Obscura má sjá hús Flamel í París: <http://www.atlasobscura.com/places/house-of-nicholas-flamel>, mynd af legsteini hans (sem hann hannaði sjálfur) og öðru sem honum tengist: <http://www.atlasobscura.com/articles/nicholas-flamel-and-the-philosopher-s-stone>

### **Staldræðu við bls. 27**

1. Óendanlegur tími gefur óendanlega möguleika. Spurningin eilífa „hvað ætlar þú að verða“ fær dálítið annan hljóð þegar endalaus tími gefst til að uppfylla draumana. Í tengslum við þessa spurningu gætu vaknað umræður um gildi óvenjulegs langlífis, og hvernig það væri að lifa alla þá sem maður þekkir og elskar.
2. Hér væri hægt að sýna nemendum ólíkar starfsumsóknir og gefa þeim innsýn í það hvernig fólk sækir um störf, hvernig það kynnir sjálft sig og sinn bakgrunn. Á vef Vinnuálastofnunar má finna sýnishorn af ferilskrám og kynningarbréfum.
3. (3-4) Léttar spurningar sem snúa að lesskilningi. Svörin finnast í textanum. En spurningarnar gætu virkjað nemendur til áframhaldandi umræðu og hugmyndaauðgi um bókina og verkefnið sem Nicolas Flamel stendur frammi fyrir.

## Teningur Mortimers

*eftir Kenneth Bøgh Andersen bls. 28*

Kenneth Bøgh Andersen fæddist, að eigin sögn, dimma og stormasama nótt árið 1976. Hann hefur skrifað fjölda bóka fyrir börn og unglinga sem náð hafa miklum vinsældum og unnið til verðlauna. Þekktastar eru bókaflokkurinn um Antboy, sem hefur verið kvikmyndaður, og bækurnar um Djöflastríðið mikla.

Tvær bækur eftir Kenneth Bøgh Andersen hafa verið þýddar á íslensku:

- Lærlingur djöfulsins
- Teningur Mortimers

### Staldráðu við bls. 30

1. Þetta verkefni er hægt að vinna á að minnsta kosti tvo vegu. Nemendur geta skrifað leikritin á hefðbundinn hátt, æft þau og flutt. En svo er líka hægt að spinna. Á bls. 41 í kennsluleiðbeiningum Flökkuskinnu eftir Eddu Péturdóttur og Þórdísi Gísladóttur er fjallað stuttlega um spuna [http://vefir.nams.is/klb/flokkuskinna\\_klb.pdf](http://vefir.nams.is/klb/flokkuskinna_klb.pdf).

Gagnlegar leikritunar og leikæfingar er að finna á vef Þjóðleikhússins:

<http://www.leikhusid.is/bak-vid-tjoldin/thjodleikur/leiklistaraefingar/Leikritunaraefingar>

Bækur um leiklistarkennslu

- Anna Jeppesen. 1994. *Mál og túlkun*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
  - Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2004. *Leiklist í kennslu*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
  - Kennsluleiðbeiningar: [http://vefir.nams.is/leiklist\\_a\\_vef/index.htm](http://vefir.nams.is/leiklist_a_vef/index.htm)
  - Ása Helga Ragnarsdóttir og Rannveig Björk Þorkelsdóttir. *Hagnýt leiklist — handbók*. 2012. Námsgagnastofnun. Reykjavík.
  - Elfar Logi Hannesson. 2004. *Leikræn tjáning*. Kómedíuleikhúsið, Ísafjörður.
  - Þórey Sigþórsdóttir. 2009. *Leikur, tjáning, sköpun: Handbók fyrir leiklistarkennslu*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
2. Þetta verkefni er ætlað til íhugunar og ekki er gert ráð fyrir að nemendur geri grein fyrir niðurstöðum á neinn hátt.

## Málshættir um gull

bls. 31

Merking málsháttanna

- „Ekki er allt gull sem glóir.“ = ekki er allt verðmætt sem virðist vera það
- „Góð orð eru gulli betri.“ = góð orð eru betri en gull; fátt jafnast á við fögur orð (lofsyrði)
- „Morgunstund gefur gull í mund.“ = morgunstund færir auð/farsæld í hönd; auðsæl er árdagsstundin
- „Margur verður ginnkeyptur á gullinu.“ = margur reynist auðblektur með gulli

### Staldráðu við bls. 31

1. Mælt er með því að bekkurinn leggist í snarpa þankahríð, þar sem hugmyndum er velt upp í einni bendu og þær skrifaðar niður, til dæmis á töfluna. Svo væri hægt að halda atkvæðagreiðslu um hvaða merking er réttust. Fyrst er það frjálst tjáning þar sem jafnvel er rökrætt, en síðan er úrlausnin lýðræðisleg.
2. Áður en nemendur setja saman sinn eigin málshátt væri hægt að lesa upp fyrir þá fleiri málshætti úr bókinni Orð að sönnu: *Íslenskir málshættir og orðskviðir*, sýna þeim myndir af gylltum hlutum, eða finna í sameiningu samheiti yfir auðæfi, allsnægtir, gull, gersemar, ríkidæmi o.s.frv. — gjarnan með hjálp *Íslenskrar samheitaorðabókar*.

### Aukaverkefni

Málshættir þurfa ekki endilega að vera alvarlegir og spaklegir. Algengt er að snúið sé út úr málsháttum, ýmist óvart eða viljandi. Á vef Námsgagnastofnunar er verkefni tengt málsháttum og á blaðsíðu 23 eru nokkrir grín málshættir og verkefni þeim tengt: [http://www.nams.is/dagsins/dag\\_isl\\_tung/dagurisl tungu\\_2010.pdf](http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/dagurisl tungu_2010.pdf)

### Ítarefni

Sverrir Stormsker. 1993. *Stormur á skeri*: 1240 frumsamdir málshættir að hætti Husseins. Reykjavík, Fjölvi.

## Japönsk ljóð — tönkur

Óþekktir höfundar bls. 32

### Staldráðu við bls. 33

1. Mörg svör, til dæmis *breytileiki*, *fallvaltleiki*, *lífið*, *það sem hverfur*, *eins og kæna á vatni*, *um stund*, *augnablik* og svo framvegis.
2. „... að betra sé að elska og missa /en missa af því að elska“ segir í ljóði eftir Kristján Hreinsson. En hugsanlega eru ekki allir sammála því og kjósa frekar öryggi í skugganum frekar en áhættuna í birtunni, sem á það til að hverfa. Hér eru öll sjónarmið jafngild og engin svör röng.

3. Það er tilvalið að leyfa nemendum að skoða tönkur og hækur áður en þau ráðast í að skrifa sínar eigin. Þar sem tönkur eru náttúruljóð getur líka verið gott að hafa myndabækur með landslagsmyndum og þessháttar í bekknum til að kveikja hugmyndir og örva ímyndunarafl nemenda.

#### Ítarefni

- Helgi Hálfðánsson (þýðandi). 1976. *Japönsk ljóð frá liðnum öldum*. Reykjavík, Heimskringla.
- Á blaðsíðu 5 í kennsluleiðbeiningum *Rauðkápu* er fjallað um tönkur: [http://vefir.nams.is/klb/raudkapa\\_verkefni.pdf](http://vefir.nams.is/klb/raudkapa_verkefni.pdf)

## 2. kafli: Vættir og vörtur

Í öðrum kafla er meðal annars lögð áhersla á:

- lestur og lesskilning
- sjálfstæðar rannsóknir og upplýsingaleit
- myndræna túlkun texta
- umræður
- ritun, sérstaklega út frá mismunandi sjónarhornum
- íhugun erfiðra spurninga
- þjóðsögur og þjóðlegan arf
- upplýsingaleit í texta og úrvinnslu á skapandi hátt

### Harry Potter og viskusteinninn

*eftir J. K. Rowling bls. 36*

J. K. Rowling er höfundarnafn breska rithöfundarins Joanne Rowling (f. 1965). Fantasíubókaflokkur hennar um galdratrákinn Harry Potter sló í gegn um allan heim á árunum 1997 til 2007, og síðan þá hafa bækurnar sjö haldið vinsældum sínum. Þær hafa allar verið færðar á hvíta tjaldið og aðlagðar í önnur frásagnarform, til að mynda tölvuleiki.

Rowling hefur einnig skrifað þrjár glæpasögur fyrir fullorðna. Sjá nánara æviágrip og umfjöllun um bækurnar á heimasíðu höfundarins: <http://www.jkrowling.com>

#### Staldræðu við bls. 45

1. Verkefnið er hugsað sem skemmtileg og ævintýrleg rannsóknarvinna fyrir nemendur og hentar vel sem heimaverkefni. Þjálfun í upplýsingaleit er í forgrunni. Hugsanleg forþekking nemenda (birtingarmyndir trölla í ýmsum miðlum) er tengd við þekkinguna sem þeir afla sér, svo sem úr bókum á bókasafni eða með því að finna upplýsingar um tröll á vefnum.

Tröllin sem nemendur finna mega vera af mismunandi tegundum eða einfaldlega af mismunandi stærðum og gerðum. Meginmarkmiðið er að finna eins mörg tröll og hægt er og gera greinargóða skrá yfir hvaðan upplýsingarnar koma, það er, einföld þjálfun í upplýsinga- og heimildaleit.

- 2.** Að loknum umræðum er tilvalið að spyrja hvert nemendapar hvað þeim finnst um málið. Hér eru nokkrar vangaveltur sem gætu hjálpað nemendum af stað:

- Öll vitum við mismikið.
- Við vitum stundum meira um það sem við höfum áhuga á.
- Þekking er einstaklingsbundin.
- Er ekki allt í lagi að sumir viti meira um margt? Sumum finnst gaman að vita mikið, og jafnvel deila því með öðrum.
- Ef maður vill deila því sem maður veit, hvernig er best að gera það?
- Ef einhver vill deila með manni þekkingu, hvernig er best að taka á móti henni?

Umræðan gæti snúist um þá sem stundum eru kallaðir beturvitar (besserwisser), þó að ekki sé ráðlegt að nefna það beint við nemendur. Hermione hagar sér dálítið á þann hátt, hún veit meira en Ron og sýnir það, en hann bregst hinn versti við og særir hana. Segja má að bæði eigi þau sök á samskiptaörðugleikunum.

Það ætti að teljast jákvætt að vita mikið, en staðreyndin er sú að nemendur sem gera það verða stundum fyrir aðkasti. Staðalmyndir í kvikmyndum og fjölmiðlum ýta undir þetta þar sem „lúðar“ og „nördar“ sem líta varla upp úr bókunum eru oft ófríðu, óvinsælu og „misheppnuðu“ ungmennin. Umræða um mismikla og mismunandi þekkingu gæti eflt skilning og dregið úr hættu á stríðni. En vitanlega er ekki nauðsynlegt að stýra umræðunum í þessa átt, því að þær geta alveg eins snúist almennt um söguna sjálfa og hvernig persónurnar hegða sér gagnvart hver annarri, án þess að leita að samsömun.

- 3.** Nemendur eru að sjálfsögðu misflinkir í að teikna, en verkefnið snýst um að finna upplýsingar í textanum og sjá atburðarásina fyrir sér. Hér væri kjörið að gefa valkost um að teikna á blað eða í teikniforriti í tölvu. Þá mætti einnig velja hversu nákvæm teikningin þyrfti að vera, til dæmis mætti fara frjálstlega með hlutföll, liti og útlit, en leggja áherslu á að tiltekna persónur og fyrirbæri séu eins og lýst er í textanum.

Einnig er gefinn valmöguleiki á því að nota tæknina til að leysa verkefnið, þ.e. með því að sviðsetja atriðið og nota til dæmis snjallsíma eða spjaldtölvu til að taka mynd eða hreyfimynd. Það er hugsað sem leið til að samþætta tækni hversdagsins við skáldskapinn.

- 4.** Verkefnið er þjálfun í að þekkja og greina aðalatriði í frásögn/atburðarás og geta dregið þau saman í hnitmiðaðan texta. Gott væri að hvetja nemendur til að skoða dagblöð og fréttamiðla á netinu, sjá hvernig fréttir eru uppbyggðar og hvernig blaðamenn leitast við að skrifa grípandi fyrirsagnir.

- 5.** Almenn umræða um vináttu og hvernig hún getur myndast. Nemendur gætu velt því fyrir sér og rifjað upp hvernig þeir hafi eignast vini.



## Fróðleiksmoli og verkefni um galdra bls. 47

Verkefnið er áþekkt tröllaverkefninu frammar í 2. kafla *Töfraskinnu*, en hér er um ritun að ræða. Nemendur afla sér upplýsinga með einstaklingsrannsókn og vinna stutta ritgerð (til dæmis eina blaðsíðu) um efnið. Upplýsingar um töfra er hægt að finna víða og markmikið er að nemendur fræði sig og aðra um hvað þeir finna um tiltekna töfra, hvort sem það er úr þjóðsögum, goðsögum, fantasíubókum eða tölvuleikjum, og hafi um leið gaman að. Þar að auki kallast verkefnið á við titil kennslubókarinnar og undirstrikar hið ævintýrlega andrúmsloft sem einkennir marga texta hennar.

Eftirfarandi er vert að hafa í huga:

Nemendur gætu nýtt sér leitarvélarnar [gegnir.is](#) og [leitir.is](#) áður en haldið er á bókasafnið.

Alfræðisíður á borð við *Wikipedia* eru góð byrjun til að fá grunnþekkingu, en jafnvel þótt mikið á síðunni sé vel unnið er hún ekki alltaf áreiðanleg heimild. Þegar nemandi hefur nálgast viðeigandi hugtök og heiti með leitaraðferðum á vefnum er gott að hvetja hann til að leita sér frekari upplýsinga í bókum eða á fleiri vefsíðum.

## Aukaverkefni

Leyfa nemendum að horfa á tröllaatrðið í kvikmyndinni *Harry Potter og viskusteinninn* (*Harry Potter and the Philosopher's Stone*, 2001), biðja þá um að fylgjast vel með og punkta hjá sér, lesa síðan kaflann aftur og bera saman hvað var líkt og ólíkt með bókinni og kvikmyndinni. Kvikmyndina með íslenskum texta er hægt að nálgast á mörgum bókasöfnum.

## Ítarefni og/eða bækur til að hafa í stofunni

Rowling, J. K.:

(Bókaflokkurinn í íslenskri þýðingu er allur gefinn út af bókaútgáfunni Bjarti)

- Harry Potter og viskusteinninn
- Harry Potter og leyniklefinn
- Harry Potter og fanginn frá Azkaban
- Harry Potter og eldbikarinn
- Harry Potter og Fönixreglan
- Harry Potter og blendingsprinsinn
- Harry Potter og dauðadjánsnin

Skuggi. 2013. *Galdraskræða*, form. ritar Þórarinn Eldjárn. Lesstofan, Reykjavík.

## Nátttröllið

*Þjóðsaga bls. 48*

Jón Árnason (1819–1888) var íslenskur fræðimaður sem safnaði íslenskum þjóðsögum og gaf út í heildarsafni á árunum 1862–1864, undir heitinu *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri*. Á tímum þjóðernisrómantíkur var slík söfnun algeng, en fyrirmyndir Jóns voru hinir þýsku Grimmsbræður, sem söfnuðu og varðveittu mikið af evrópskum þjóðsögum og ævintýrum. Það er að miklu leyti söfnun Jóns að þakka hversu vel þjóðsagnaarfur Íslands hefur varðveist.

## Staldraðu við bls. 49

1. (1–2.) Spurningarnar bjóða upp á umræðu í bekknum. Vegna þess hve þjóðsagan er stutt er auðveldlega hægt að velta vöngum fram og aftur. Sagan hentar vel til upplesturs, sérstaklega vegna kveðskaps stúlkunnar og tröllsins.

### Aukaverkefni

Í innganginum kemur fram hvað talið er að „snör mín snarpa, og dillidó“ merkir, en það er alls ekki endanlegt svar. Skemmtilegt aukaverkefni væri að biðja nemendur að skrifa nýjar línur í staðinn fyrir „snör mín snarpa, og dillidó“ og „ári minn Kári, og korriró“ — en nýju línurnar væru þá annað hvort túlkun nemendanna á merkingu þeirra, eða nýjar illskiljanlegar línur.

Að því loknu fengju þeir sem vildu að lesa upp kveðskap stúlkunnar og tröllsins, en í stað þess að lesa framangreindar línur læsu þeir sínar eigin.

## Íslenskt vættatal: Tröll

bls. 50

Eins og kemur fram í textanum úr *Íslensku vættatali* var orðið tröll í fyrstu ekki notað yfir ófrýnilega bergbúa, eins og gert er í dag. Fyrst átti orðið við illvætti og fjölkynngismenn, sem sést enn í tungumálum Skandinavíu: galddramaður á sænsku er *trollkarl*. Í norrænni goðafræði eru orðin tröll, jötunn, risi og þurs stundum notuð jöfnum höndum yfir óaldarflokka, en eftir því sem norræna trúin rann inn í þjóðsögur tóku þessar verur á sig aðrar myndir. Á Íslandi urðu tröll að hálfgerðum ófreskjum, en í Svíþjóð og Danmörku urðu tröll að einskonar álfum.

Ólína Þorvarðardóttir skrifaði pistilssvar á *Vísindavefinn* um muninn á trölli, risa og þursi: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5847>

## Staldraðu við bls. 51

1. Orðaskýringarnar eru eftirfarandi:
  - fjölkynngi: galdrar
  - brúka: nota
  - heiðinn: sá sem hefur önnur trúarbrögð en kristni (eða engin trúarbrögð)
  - skarpleitur: með skarpa andlitsdrætti
  - drenglyndur: göfuglyndur, traustsins verður
  - landvættur: verndarandi lands, vera sem heldur vörð um land
2. Skýringar á orðatiltækjum og líkingamáli:
  - að vera týndur og tröllum gefinn: að vera með öllu glataður
  - að vera tryggur sem tröll: Að vera mjög tryggur. Vísar til þess að í þjóðtrú segir að tröll séu trygg, sbr. málsháttinn „tröll eru í tryggðum best“
  - að vera tröllvaxinn: mjög stór, gífurlegur
  - að vera tröll að gáfum: að vera mjög gáfaður (í sumum þjóðsögnum eru tröll sögð gáfuð)

- að reka upp tröllahlátur: að hlæja hátt/glymjandi, að hlæja stórkarlalega

Fleira, fyrir b-lið:

- að glápa á eitthvað eins og tröll á heiðríkju: glápa aulalega á eitthvað.
- það er við tröll að eiga: það er við ofurefli að etja.
- tröllaukinn: risavaxinn
- tröllavegur: illfær leið
- trölldómur: galdrar, fordæðuskapur
- að vera tröll að burðum: að vera mjög hraustur
- kyntröll: að vera mjög myndarlegur og hafa mikið aðdráttarafl

**3.** Verkefnið er hugsað sem létt og skemmtileg æfing í skapandi skrifum. Nemendur skrifa örsögu í þjóðsagnastíl, en með eigin orðalagi. Gott er að hafa í huga að þjóðsögur eru oft svolítið dularfullar, það þarf ekki endilega að útskýra allt og að endirinn getur verið opinn.

Ráð væri að sýna nemendum nokkrar þjóðsögur (tröllasögur) til viðbótar, eða segja þeim frá þeim. Á meðan gætu þeir skrifað niður hugmyndir fyrir sína eigin sögu.

## Grimmsystur: ævintýraspæjarar

*eftir Michael Buckley bls. 52*

Rithöfundurinn Michael Buckley hefur meðal annars unnið sem uppistandari og söngvari í pönkhljómsveit. Hann er þekktastur fyrir bókaflokkinn um Grimmsystur og bækurnar í flokknum NERD.

Bækur eftir Michael Buckle sem hafa verið þýddar á íslensku:

- *Grimmsystur: Ævintýraspæjarar*
- *Grimmsystur: Úlfur í sauðagæru*

Nánari upplýsingar um Buckle má finna á vef bókaflöksins um Grimmsysturnar. Þar er líka að finna skemmtilegar hugmyndir sem nota má í kennslu og við lestur bókana:

<http://sistersgrimm.com/pdfs/Grimmguide.pdf>

### Staldræðu við bls. 54

**1.** Í þessu verkefni er annars vegar verið að æfa leitarlestur, þ.e. leit að upplýsingum um risann í textanum, en aðaláherslan er þó á það að fá nemendur til að beita ímyndunaraflinu og setja sig í mismunandi stellingar (hlutlausar, viðbjóð, undrun og svo framvegis), án þess að víkja frá staðreyndum textans.

Í framhaldi af þessu er tilvalið að ræða hvernig hægt er að lita frásögn án þess að ljúga, með vali á lýsingarorðum, með áherslum, út frá því hverju er sleppt og hverju ekki; allt eftir afstöðu þess sem segir frá.

2. Þetta verkefni er tilvalið að vinna í samvinnu við myndmenntakennara. Það gæti líka verið skemmtilegt að búa til myndaseríu með myndum af risanum, þar sem afstaða teiknarans væri valin út frá verkefni 1–5. Þannig væri ein mynd væri teiknuð eins og einhver sem þætti virkilega vænt um risann myndi túlka hann, önnur gæti verið mynd við fréttatilkynningu þar sem lýst væri eftir risanum, sú þriðja túlkun svarins óvinnar og svo framvegis.

## Helgi tattú

*eftir Gerði Kristnýju bls. 55*

Gerður Kristný Guðjónsdóttir skrifar jöfnum höndum fyrir börn og fullorðna, en hún er einna þekktust sem ljóðskáld. Gerður Kristný hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir verk sín, svo sem Bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness, Bláðamannaverðlaun Íslands, Íslensku bókmenntaverðlaunin og Vestnorrænu barnabókaverðlaunin svo eitthvað sé nefnt.

Ljóðið „Helgi Tattú“ er úr ljóðabókinni *Höggstaður*, sem kom út árið 2007.

Bækur Gerðar Kristnýjar fyrir börn og unglinga:

- *Ballíð á Bessastöðum*
- *Forsetinn, prinsessan og höllin sem svaf*
- *Garðurinn*
- *Jóladýrin*
- *Land hinna týndu sokka*
- *Marta smarta*
- *Prinsessan á Bessastöðum*
- *Vinir Afríku*
- *Dúkka*

Nánari upplýsingar um Gerði Kristnýju og verk hennar er að finna á vefnum [bokmenntir.is](http://bokmenntir.is)

### Staldræðu við bls. 55

1. Hér er áhersla lögð á ímyndunarafl. Húðflúr geta verið allskonar, allt frá því að vera ofurraunsæ yfir í skrautlegan teiknimyndastíl og allskonar furðuskepnur. Hvað þá húðflúr sem lifna við, þeim eru lítil, ef nokkur takmörk sett.
2. Þetta verkefni er tilvalið til að huga að staðalmyndum. Hvað segir útlitið um náungann yfirleitt?

### Fróðleiksmoli um húðflúr — ítarefni

- Marie Vandenbeusch. „Tattoos in ancient Egypt and Sudan“, The British Museum blog. 26.06.2014. <http://blog.britishmuseum.org/2014/06/26/tattoos-in-ancient-egypt-and-sudan/>
- Gemma Angel. „Tattooing in Ancient Egypt Part 2: The Mummy of Amunet“, Researchers in Museums. 10.12.2012. <http://blogs.ucl.ac.uk/researchers-in-museums/2012/12/10/tattooed-mummy-amunet/>  
<http://www.theguardian.com/football/2015/feb/15/zlatan-ibrahimovic-tattoos-world-fame>

## 3. kafli: Svaðilfarir

Í þriðja kafla er meðal annars lögð áhersla á:

- lestur og lesskilning
- norræna goðafræði
- persónugervingu og samlíkingu
- handritagerð og flutning sagna úr einum miðli í annan
- myndasögugerð
- bragfræði
- umræður

### Veiðigyðjan

*eftir Emil Hjörvar Petersen bls. 58*

Emil Hjörvar Petersen er rithöfundur og bókmenntafræðingur. Furðusagnaþrífleikur hans um eftirlifendur Ragnaraka, *Saga eftirlifenda*, kom út á árunum 2010–2014, og nýjasta skáldsaga hans heitir *Víghólar* (2016). Eftir hann liggja einnig þrjár ljóðabækur.

Hann er annar af höfundum *Töfraskinnu*. Smásagan „Veiðigyðjan“ var skrifuð sérstaklega fyrir bókina. Nánari upplýsingar um höfundinn og verkin má finna á heimasíðu hans: <http://emilhpetersen.com/>

### Orðabókaleit (á spássíu)

Sú leit er hugsuð sem verkefni til að auka lesskilning á meðan lesið er og gefa þannig meiri innsýn í myndmál textans, en það væri einnig hægt að skoða orðin eftir að lestri lýkur.

### Staldræðu við bls. 70–71

- 1.–2. Í þessum tveimur verkefnum er unnið með hugtökin persónugervingar og samlíkingar. Aukaverkefni fyrir áhugasama nemendur: stutt náttúrulýsing með ríku myndmáli.
3. Verkefnið býður meðal annars upp á:
  - a. Að nota veraldarvefinn á hagnýtan hátt, í samvinnu, til að finna dæmi um hamskiptinga.
  - b. Skemmtilegar umræður og vangaveltur fyrir bekkinn. Nemendur gætu kynnt hugmyndir sínar og lýsingar fyrir bekknum.
- Ekki eru til neinar heimildir um að Skaði sé móðir Freys og Freyju, þótt sumir telja það mögulegt, en oftast er það látið liggja milli hluta. Í „Veiðigyðjunni“ er hún látin vera stjúpmodir þeirra til að undirstrika að húsmóðurhlutverkið henti henni ekki, og að henni gefist kostur á að stíga út úr því.

- Áhugavert væri að sjá hvernig nemendur sjá fyrir sér móður Skaða út frá skapgerð hennar sjálfar í sögunni og sýn hennar á móðurhlutverkið.
  - Hér fær ímyndunarafl nemenda að ráða.
  - Hægt væri að kynna fleiri jötna úr norrænni goðafræði.
- 5.** Hér geta skapast áhugaverðar og mikilvægar umræður, bæði um eðli frelsis og hvað sé fólki verðmætt, þ.e. auður eða hamingja. Gott væri að ræða það í tengslum við sjónarmið veiðigyðjunnar í sögunni. Hvers vegna fellst hún á að kvænast inn í raðir ása eftir að hún sór þess að hefna fyrir föður sinn? Lætur hún ginnast af auði og valdi? Eftir tvo áratugi er henni orðið ómótt; hún hefur svikið sjálfa sig, sitt eðli. En hún brýst undan því og leitar hamingjunnar á ný, sem veiðigyðja, frjáls ferða sinna í fjöllum.

### **Smá fróðleikur:**

Skaða var nær ekkert, blótað á Íslandi, heldur aðallega í Skandinavíu, en talið er að hún hafi verið mun stærra goð en heimildir eru fyrir — en helstu heimildir varðveittust á Íslandi. Talið er að Skandinavíu-heitið vísi til hennar og í Svíþjóð má finna fjölda örnefna sem vísar til veiðigyðjunnar. Spyrra mætti að því hvers vegna Skaða hafi ekki verið blótað á Íslandi; ef til vill vegna þess að fá landdýr voru hér til veiða?

### **Annað**

#### **1. Persónur og fyrirbæri**

Í sögunni er vísað til ýmissa fyrirbæra og persóna í norrænu goðafræðinni, sem skýrast oftast af sjálfu sér eða af innra samhengi. Ef áhersla er lögð á norræna goðafræði í kennslunni væri ráð að fjalla nánar um fyrirbærin sem nefnd eru. Hér er listi yfir flest þeirra sem nefnd eru í *Veiðigyðjunni*:

- Þrymheimur
- jötnar
- Ásgarður
- Askur Yggdrasils
- Iðunn og æskueplin
- Valhöll
- Óðinn
- Þór
- Frigg
- Jötunheimur
- Bragi
- Loki
- Njörður
- guðakynin tvö, æsir og vanir
- Nóatún
- Freyr
- Freyja
- Fólkvangur
- Miðgarður



## 2. Upprunalega goðsögnin

Ræða eða láta nemendur lesa upprunalegu goðsögnina úr *Snorra-Eddu*, til hliðsjónar við *Veiðigyðjuna*. Með þeim hætti fá nemendur skýrari mynd af sjónarhorni Skaða og hvernig sagan er aðlöguð. Í tengslum við það mætti ræða um sjónarhorn í bókmenntum.

## 3. Hefnd

Skaði vill hefna föður síns heiðursins vegna. Í sumum Íslendingasögum, til dæmis *Brennu-Njáls sögu*, er heiður og orðstír ein aðaldrifjöður atburðarásarinnar. Menn hefna til að verja heiður sinn og þess sem veginn var. Hér mætti segja bekknum í grófum dráttum frá atburðarás *Njáls sögu*, hvernig keðjuverkun hefndarinnar leiðir til hörmunga (brennunnar), allt þar til ákveðið er að sættast, en þá eru nánast allar mikilvægar persónur dauðar. Stóru spurningarnar eru þá: Hvers virði er hefnd? Til hvers að hefna ef einhver hefur gert eitthvað á kostnað manns? Fer hefndin ekki bara í hring? Á vefnum *Íslendingasögur.is* má lesa um hefnd: [http://islendingasogur.is/?page\\_id=426](http://islendingasogur.is/?page_id=426)

## 4. Flagarinn Óðinn

Samkvæmt *Ynglinga sögu* eignuðust Óðinn og Skaði fjölda afkvæma, sem varð að ætt Hákonar jarls í Noregi, en það var tilraun til að útskýra guðlegan uppruna konunga. Þessu er ekki lýst í „Veiðigyðjunni“, því að það er önnur saga.

## Ítarefni

Skáldsagan *Úlfur og Edda Dýrgripurinn* eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur gerist m.a. í goðheimum og tengist efnislega sögunni um Veiðigyðjuna.

## Handrit

bls. 72

## Ítarefni

- Á heimsíðu Félags kvikmyndagerðamanna er nokkuð ítarlegt efni um handritagerð: <http://filmmakers.is/handrit101-51673>
- Anna Th. Rögnvaldsdóttir. 2003. *Ritun kvikmyndahandrita*. Ax, Reykjavík.

## Staldræðu við bls. 79

1. Á vefnum Internet Movie Database er úrval af handritum sem hægt er að skoða, þ.e. ef nemendur vilja glöggva sig frekar á útliti og gerð handrita: <http://www.imsdb.com/genre/Family>.
2. Ef tími vinnst til er hægt að víkka þetta verkefni út og búa til stuttmyndir byggðar á handritunum. Ef leiklistarkennsla fer fram í skólanum er þetta verkefni tilvalið til samþættingar.
3. (3.–4.) Þessi tvö verkefni eru almenn orðaverkefni um slettur og ensk heiti sem ef til vill væri hægt að íslenska. Einnig væri að yfirfæra umræðuna yfir á önnur hugtakasöfn, til að mynda slettur í tengslum við tækni, veraldarvefinn og fleira.
5. Hér gefst tækifæri til að ræða hvað sjónarhorn er og skiptingu á milli sjónarhorna í frásögn. Spurningin getur auðveldlega orðið verkefni, til dæmis með því að láta nemendur skrifa stutt handrit eða sögu þar sem skipt er á milli sjónarhorna.

# Myndasöguhandrit

bls. 80

## Staldræðu við bls. 83

1. Í tengslum við þetta verkefni er upplagt að velta fyrir sér öðrum útfærslum á sögunni. Hefðu nemendur kosið aðra túlkun á þessu atriði, sjá þeir persónurnar öðruvísi fyrir sér?
2. Almenn umræða um mismunandi form frásagnar. Einnig væri hægt að ræða sögur sem hafa verið aðlagðar yfir á fleiri en eitt form, til dæmis sögur sem hafa verið gerðar að kvikmyndum, leikritum, myndasögum, tölvuleikjum og fleiru.
3. Þetta verkefni sameinar marga þætti lesturs: lesskilning, leit að upplýsingum í texta, tilfinningu fyrir frásögn og framvindu, túlkun á texta, hvernig lesið er á milli línanna, beitingu ímyndunarafls, þjálfun myndrænnar útfærslu, miðlun frásagnar og fleira.

Verkefnið gæti reynst sumum nemendum erfitt og því væri gott að gefa því góðan tíma. Einnig væri gott að hvetja nemendur til að skoða margar mismunandi myndasögur til að fá hugmyndir um möguleika formsins, mismunandi gerðir ramma og svo framvegis.

Ef vel tekst til hjá bekknum væri ekki úr vegi að birta myndasögurnar á einhvern hátt, til dæmis á skóla- eða héraðsbókasafni.

Á heimasíðu *Myndasagna.is* má fletta tölublöðum tímaritsins *NeoBlek*, sem samanstanda að mestu af myndasögum eftir íslenska höfunda: <http://myndasogur.is/neoblek.html>

Ekki eru til margar heimildir um ritun íslenskra myndasagnahandrita, en hægt er að nálgast mikið af enskum handritum á vefnum. Til dæmis á *Comic Book Script Archive*: <http://www.comicbookscriptarchive.com/>

Ef kennarar vilja glöggva sig betur á eðli myndasögunnar er til slíkt efni á bókasöfnum landsins. Mælt er hér með bókinni *Understanding Comics*: McCloud, Scott, *Understanding Comics*. ed. Mark Martin (New York: Paradox, 2000).

Gott yfirlit yfir íslenskar myndasögur á hinni íslensku Wikipediu: [http://is.wikipedia.org/wiki/%C3%8Dslenskar\\_myndas%C3%B6gur](http://is.wikipedia.org/wiki/%C3%8Dslenskar_myndas%C3%B6gur)

Úlfhildur Dagsdóttir hefur gefið út bók um myndasögur, bæði erlendar og íslenskar, þar sem saga myndasögunnar er rakin: Úlfhildur Dagsdóttir. 2014. *Myndasagan: hetjur, skrímsl og skattborgarar*. Froskur, Reykjavík.

## Fenrisúlfr

eftir Hannes Pétursson bls. 84

Hannes Pétursson (f. 1931) er skáld og rithöfundur sem hefur skrifað fjölda bóka: ljóðabækur, smásögur, þýðingar, fræðibækur, ferðasögur og fleira. Hann hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 1993 og hann er heiðursfélagi Rithöfundasambands Íslands. Í verkum Hannesar er gjarnan vísað til þjóðlegrar hefðar, en móðernisminn er aldrei langt undan. Hið þjóðlega og móðerníska lætur hann oft og tíðum kallast á sem hefur með árunum orðið eitt hans helsta höfundareinkenni. Rithöfundurinn Hermann Stefánsson skrifaði greinargóðan pistil um verk Hannesar Péturssonar á vefinn *Bókmenntir.is*.

### Staldráðu við bls. 85

1. Hér gefst kjörið tækifæri til að kynna fyrir nemendum grunninn í hefðbundinni ljóðagerð. Verkefnið geta nemendur unnið í þörum, en það væri einnig hægt að vinna það í sameiningu með öllum bekknum, til dæmis með því að varpa ljóðinu upp og leyfa nemendum að spreyta sig á því að finna stuðlana, höfuðstafina, innrímið og endarímið.

Talið er að Jónas Hallgrímsson hafi verið fyrstur hér á landi til að ríða á vaðið í ítalskri sonnettugerð, með ljóðinu *Ég bið að heilsa*. Önnur algeng gerð sonnetta er sú enska, sem hefur ögn breytta línuskipan og aðrar reglur um rím.

Á Óðfræðivefnum Braga má finna útskýringar á flestöllum hugtökum sem snerta bragfræði: <http://bragi.info/>

Bókin *Bragur og ljóðstíll* er gott og sígilt yfirlitsrit um bragfræði: Óskar Halldórsson, *Bragur og ljóðstíll*, 3. útg; 1. útg 1972 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1977).

2. Almenn æfing í ljóðaupplestri. Hægt væri að skipta bekknum upp í hópa og láta þá lesa ljóðið í kór, þ.e. ef bekkurinn er fjölmennur.
3. Hér eru nokkrar útskýringar á myndmálinu í ljóðinu til að hjálpa nemendum að átta sig betur á inntaki þess:
  - Vopnadygurinn er vargöldin, undanfari Ragnaraka. Spáðu endalokin eru Ragnarök.
  - Gleipnir er fjöturinn sem heldur Fenrisúlfi föstum. Hann hafði áður drepit sig úr Dróma og leyst sig úr Læðingi. Gleipnir var búinn til úr hlutum sem ekki voru til: dyni kattarins, skeggi konunnar, rótum bjargsins, sinum bjarnarins, anda fisksins og hráka fugls. Fjöturinn mun bresta þegar Ragnarök ríða yfir.
  - Fenrir gleypir sólina þegar hann losnar.
  - Hel er drottari heimsins sem ber sama nafn; Hel er aðsetur dauðra, það er dauðraríki. Hún er systir Fenris vegna þess að Loki er faðir þeirra beggja.

Bókin *Hugtök og heiti í norrænni goðafræði* eftir Rudolf Simek er mjög gott uppsláttarit.

### Annað

Sagan um Fenrisúlfinn er ein sú þekktasta og vinsælasta úr norrænu goðafræðinni. Nemendur gætu sjálfir kynnt sér söguna en einnig væri hægt að segja þeim frá henni, til dæmis með hjálp *Snorra-Eddu og Eddukvæða*, eða með bók úr hinum sígilda myndasöguflokki *Goðheimar*:

Madsen, Peter. 2010. *Goðheimar 1: Úlfurinn bundinn*. Texti Hans Rancke-Madsen, ísl. þýð. Guðni Kolbeinsson. Iðunn, Reykjavík.

Þá væri hægt að sýna nemendum hvernig sagan um Fenri er túlkuð í ólíkum bókmenntaformum — ljóði og myndasögu — og kallast það ágætlega við annað efni úr 3. kafla, það er um aðlaganir sagna yfir á önnur form.

Svo væri ekki úr vegi að leyfa nemendum að heyra lagið „Gleipnir“ með þungarokkshljómsveitinni Skálmöld, og sýna textann, en hann fjallar um það þegar Fenrisúlfr er bundinn og lýsir frásögninni vel. Textinn er ortur á hefðbundinn hátt og eftir kúnnastarinnar reglum: <https://skalmoldinfo.wordpress.com/2012/11/20/3-gleipnir/>

Lagið er af plötunni *Börn Loka* og má meðal annars finna á *Youtube*.

## Völuspá og Tolkien

bls. 86

### Staldráðu við bls. 87

1. Svar: Dvalinn, Bívör, Bávör, Bömbur, Nóri, Þorinn, Fíli, Kíli — og Eikinskjaldi er eftirnafn Þorins (Thorin Oakenshield eða Þorinn Eikinskjaldi í íslensku þýðingunni). Meiri líkindi eru í enska textanum (sbr. Fíli, Kíli, Bifur, Bofur, Bombur) heldur en í íslensku þýðingunni (sbr. Fjalar, Kjalar, Bifur, Bógur, Vambi).

Umræðu um *Völuspá* og norræna goðafræði væri hægt að tengja við aðra texta kaflans, til dæmis *Veðgyðjuna* og *Fenrisúlfr*.

### Ítarefni

Af nógu er að taka. Eftir að *Hobbitinn* og *Hringadróttinssaga* voru kvikmyndaðar hefur gríðarmikið efni verið framleitt í kringum þær: bækur, þættir, spil og fleira. Ef til vill væri hægt að leggja áherslu á það hversu áhrifamiklar sögurnar hafa verið í gegnum tíðina. Ritað efni og myndefni um heim Tolkiens er aðgengilegt á bókasöfnum og á vefnum.

## 4. kafli: Halló, er einhver þarna?

Í fjórða kafla er meðal annars lögð áhersla á:

- lestur og lesskilning
- gerð tímalínu
- leikræna túlkun
- ritun
- umræður um erfiðar spurningar
- orðaleit og vinnu með orð
- vísindaskáldskap
- örsögur
- ljóðagerð

### Þær koma!

*bls. 90*

#### Staldræðu við bls. 93

**1.** (1–2.) Nemendur þurfa að lesa greinarnar vandlega til að átta sig á því hvað gerðist, hvar og hvenær. Við nákvæmnislestur þarf yfirleitt að lesa textann oftari en einu sinni. Blaðgreinarnar eru fremur stuttar og henta því vel til að æfa nákvæman lestur. Tímalína er gott hjálpartæki til að átta sig á atburðarás og hún getur hjálpað nemendum að segja frá, munnlega eða skriflega.

**3.** Árið 1993 voru aðrir tímar. Engir farsímar, engir samfélagsmiðlar. Hér má velta því fyrir sér hvernig svipuðum spádómi væri tekið ef hann kæmi fram í dag. Myndi fólk flykkjast upp á jökul? Kæmi kannski enginn? Yrði líkt og þá skipuð móttökunefnd með þátttöku opinberra embættismanna?

Þessum spurningum og fleiri er velt upp í sjónvarpsviðtalinu sem getið er hér fyrir ofan: <http://www.visir.is/thegar-geimverurnar-komu-a-snaefellsnes/article/2013130709767>

Verkefni 3 gefur tilefni til leikrænnar túlkunar og það er vel hægt að stækka það með því að leika ekki aðeins oddvitann, heldur alla móttökunefndina — og jafnvel geimverurnar líka!

**4.** Enginn veit hvort það er líf úti í óravíddum geimsins og því síður hvernig líf það þá væri. Spurningunni um hvernig skilaboð við jarðabúar gætum sent til þróaðra lífvera, sem hugsanlega eru einhvers staðar þarna úti, er því ekki einfalt að svara. Sumum nemendum gæti fundist ástæðulaust að senda nokkuð, svona út í bláinn svo að segja, og það er alveg jafn gilt öðrum viðhorfum.

## Aukaverkefni

Í blaðagreinunum koma fram eftirfarandi örnefni:

- Snæfellsnes
- Snæfellsjökull
- Brekkubær á Snæfellsnesi
- Hellisandur
- Eyrarhreppur utan Ennis
- Hellnar

Gott er að leyfa nemendum að finna þessa staði á korti til að fá tilfinningu fyrir staðhátum og aðstæðum.

## Fróðleiksmoli um Voyager bls. 93

Segja má að plöturnar í Voyager 1 og 2 séu skeyti sem jarðarbúar hafa sent út í geiminn. Það tæki geimfarið 40 þúsund ár að nálgast annað sólkerfi þannig að plötunar verða aðeins spilaðar ef próaðar lífverur mæta geimförum á ferð um geiminn. Hópurinn sem sendi plötunar af stað með geimförum af stað var meðvitaður um þessa staðreynd. Velta má fyrir sér hvað það segir um viðhorf þeirra til lífsins á jörðinni og lífs í geimnum, að þau lögðu á sig mikla vinnu við að velja og vinna efnið þrátt fyrir það?

- Hér má nálgast lista yfir það sem er á plötunni: [http://en.wikipedia.org/wiki/Contents\\_of\\_the\\_Voyager\\_Golden\\_Record](http://en.wikipedia.org/wiki/Contents_of_the_Voyager_Golden_Record)
- Hér er hægt að hlusta á plötuna: <http://web.mit.edu/lilybui/www/>
- Hér er meira efni um plötuna: <http://voyager.jpl.nasa.gov/spacecraft/goldenrec.html> og <http://www.smithsonianmag.com/science-nature/what-is-on-voyagers-golden-record-73063839/?no-ist>

## Ítarefni

Það má lesa nánar um aðdraganda atburðanna sem ekki urðu á Snæfellsjökli haustið 1993 í grein Helga Hrafs Guðmundssonar á *vefsíðu Lemúrsins*: <http://lemurinn.is/2014/02/04/thaer-koma-thegar-geimverur-lentu-naestum-thvi-a-snaefellsjokli-arid-1993/>. Á vefnum *Vísir.is* má sjá viðtal við leikarana Kára Viðarsson og Víking Kristjánsson um leikverk þeirra 21:07. Inn í það eru klippt nokkur myndbrot, til dæmis viðtal við oddvitann sem var í forsvari fyrir móttökunefndinni: <http://www.visir.is/thegar-geimverurnar-komu-a-snaefellsnes/article/2013130709767>

Auk þess er fjöldi greina á timarit.is, svo sem:

- [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageld=3539093](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=3539093)
- [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=253608&pageld=3539451&lang=is&q=%DE%E6r%20koma](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=253608&pageld=3539451&lang=is&q=%DE%E6r%20koma)
- [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=195046&pageld=2619185&lang=is&q=H%F3tel%20B%FA%F0ir](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=195046&pageld=2619185&lang=is&q=H%F3tel%20B%FA%F0ir)
- [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=195046&pageld=2619185&lang=is&q=H%F3tel%20B%FA%F0ir](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=195046&pageld=2619185&lang=is&q=H%F3tel%20B%FA%F0ir)
- [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=209291&pageld=2705008&lang=is&q=geimverur](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=209291&pageld=2705008&lang=is&q=geimverur)



Auglýsingin sem vitnað er í, í innganginum er hér: [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=125928&pageId=1794914&lang=is&q=geimverur](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=125928&pageId=1794914&lang=is&q=geimverur). Andinn í henni er líklega dæmigerður fyrir viðhorf margra sem héldu á jökulinn, það voru síður en svo allir sannfærðir um að von væri á geimverum, en það var þó aldrei að vita. Aðrir voru þó vissari í sinni sök eins og kemur fram í blaðaviðtölum frá þessum tíma.

## Hungurleikarnir

*eftir Suzanne Collins bls. 94*

Suzanne Collins (f. 1962) er bandarískur skáldsagna- og handritshöfundur. Hún er þekktust fyrir þrileik sinn um Hungurleikana sem kom út á árunum 2008–2010. Sagan varð vinsæl um allan heim og var nær umsvifalaust aðlöguð að hvíta tjaldinu. Þar á undan hafði Collins sent frá sér fimm bækur í fantasíubókaflokki sem nefnist *The Underland Chronicles*. Nánari upplýsingar um Collins og verk hennar má finna á heimasíðu höfundar: <http://www.suzannecollinsbooks.com/>

Í *Töfraskinnu* birtist brot úr fyrstu bók Hungurleikja-þrileiksins, en allar þrjár hafa verið þýddar á íslensku og gefnar út af JPV-útgáfu:

- *Hungurleikarnir* (2011). Þýðing: Magnea J. Matthíasdóttir.
- *Eldar kvikna* (2012). Þýðing: Guðni Kolbeinsson.
- *Hermiskaði* (2012). Þýðing: Magnea J. Matthíasdóttir.

### Staldráðu við bls. 100

1. Í þessu verkefni er tilvalið að ræða hvar hægt sé að finna vatn eða vökva. Úr ávöxtum og grænmeti, dögg eða rigningavatni á plöntum, eða til dæmis með aðferð Katniss: hún uppgötvar að vatn er í grendinni vegna forarinnar, aukinnar bleytu í jörðinni, og því næst kemur hún auga á vatnaliljur (þekking á náttúrunni bjargar henni). Þar sem er for hlýtur að vera vatn.

Einnig væri hægt að hefja umræðu um mikilvægi hreins drykkjarvatns, að Ísland búi yfir mikilli auðlind og benda á að vatnsskortur er á snauðari svæðum heimsins.

Ítarefni: Vefsíða UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, á Íslandi: <https://www.unicef.is/vatn-og-hreinlaeti>. Frá vefsíðunni: „Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um þróun voru sett árið 2000. Eitt markmiðanna var að árið 2015 skuli hlutfall þeirra jarðarbúa sem ekki hafa aðgang að hreinu vatni hafa lækkað um helming frá 1990. Þetta markmið náðist árið 2012!“

Ræða um hvað Sameinuðu þjóðirnar eru: <http://www.unric.org/is/upplýsingar-um-st/19?start=1>

Tilgangur Sameinuðu þjóðanna er fjórþættur (frá vefsíðunni):

- Að viðhalda friði í heiminum.
- Að þróa friðsamleg tengsl milli þjóða.
- Að vinna í sameiningu að því að bæta lífskjör fátæks fólks, sigrast á hungri, sjúkdómum og ólæsi og að hvetja til virðingar fyrir gagnkvæmum réttindum og frelsi.
- Að vera vettvangur til að hjálpa þjóðum að ná þessum markmiðum.

2. Ritunarverkefnið er hugsað sem skemmtilegt hópverkefni þar sem nemendur þurfa að vinna saman með handahófskennd atriði og skapa stutta sögu út frá því. Hægt væri að nýta fyrri ritunarverkefni og búa þannig til afmarkanir, til dæmis að það verði að vera að minnsta kosti tvær samlíkingar í textanum, nemendur verða að velja vel sjónarhornið (1., 2. eða 3. persóna) og svo framvegis

### Annað

Tvær tillögur:

- Sýna brot úr kvikmyndinni *The Hunger Games* frá árinu 2010, þar sem Katniss er í skóginum í svipuðum aðstæðum og lýst er í bókinni.
- Tengja Hungurleikana við raunveruleikasjónvarp, og tengja raunveruleikasjónvarp við Mars One-textann.

## Raunveruleikasjónvarp

bls. 101

### Staldraðu við bls. 101

1. Flestir þekkja raunveruleikasjónvarp af ýmsu tagi. Þeir eru oft harðlega gagnrýndir, en halda þó margir vinsældum sínum og gífurlegu áhorfi. Þessu verkefni er alls ekki ætlað að dæma, heldur aðeins að fá nemendur til að gera sér grein fyrir í hverju skemmtigildi þessara þátta felst og jafnvel annars sjónvarpsefnis sem þeir fylgjast með.
2. Sumum gæti fundist að það ætti að leggja allt raunveruleikasjónvarp niður og það er jafn gild skoðun og hver önnur. Það þýðir þó ekki að ekki sé hægt að flytja leikþátt. Sendinefndin færi þá annaðhvort með tillögu að öðruvísi þætti til dagskrárstjórans — nú eða tillögu sem snerist um að leggja raunveruleikasjónvarpið niður.

### Aukaverkefni og umræður

Bekknur er sýnt brot úr raunveruleikasjónvarpi og það rætt. Hverju veita nemendur eftirtekt? Hjálpuðust keppendur að, sýndu þeir hver öðrum samstöðu eða var keppnisskapið að verða einhverjum ofurliði? Benda má á að raunveruleikaþættir sem byggjast á keppni (sem á ekki við alla, stundum er aðeins verið að fylgjast með fólki) grundvallast á samstöðu í bland við samkeppni. Ef keppandi er ófær um að vinna með öðrum dettur hann fljótt út, er kosinn burt eða dæmdur úr leik.

Ræðið hvers vegna þetta kallast raunveruleikasjónvarp. Er það réttnefni?

### Veriði velkomin til Mars

bls. 102

### Staldraðu við bls. 104

1. (1.-2.) Hér mætti þá nemendur saman, leyfa þeim að ræða um geimferðir framtíðarinnar, hvernig mannkynið muni ferðast til annarra sólkerfa og stinga upp á útfærslum. Ef nemendur kynntu hugmyndirnar fyrir bekknum gætu skapast skemmtilegar og frjóar umræður.

Hér er til dæmis skemmtileg hugmynd:

Gunnar Þór Magnússon. „Væri hægt að knýja geimskip með kjarnorkusprengjum?“  
Vísindavefurinn 24.7.2009. <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=50372>

3. Eftirfarandi spurningar eru ætlaðar sem umræðugrundvöllur þegar ritunarverkefnið er undirbúið.

- Ástæðan fyrir því að Marsfarar snúa ekki aftur er sú að tæknin eins og hún er í dag gefur aðeins kost á annarri leið. Könnunarförin sem hafa verið send þangað til rannsókna og senda vísindamönnum myndir og upplýsingar um sýni geta til að mynda ekki snúið aftur.
- Í nálægri eða fjarlægri framtíð er líklegt að fyrsta mannaða geimflaugin lendi á Mars, væntanlega á vegum vísindastofnana. Aftur á móti þarf gríðarmikið fjármagn til að þróa slíkt verkefni og þess vegna er hugmynd hins hollenska Lansdorp áhugaverð; að fjármagna verkefnið með því að gera raunveruleikasjónvarp. Spurningin er hins vegar hvort að slíkt sé siðferðislega rétt. Á hinn bóginn ætti að vera sjálfsagt fyrir jarðarbúa að fá að fylgjast með svo merkum áfanga, svo stóru skrefi mannkynsins. En á fólk rétt á því að fylgjast með hverri hreyfingu Marsfaranna eins og Mars One leggur upp með?
- Spurningin „Hvers vegna viltu fara til Mars?“ — Hér mætti varpa fram öðrum spurningum á borð við: Er það í þágu mannkyns? Fyrir frægðina eða fyrir forvitnis sakir?

### Aukverkefni og umræður

Tillögur:

1. Fjalla mætti meira um NASA, Geimferðastofnun Bandaríkjanna, með áherslu á tunglendinguna 1969, hverjir geimfararnir voru og hvers vegna það var svona áriðandi að lenda á tunglinu: geimkapphlaupið við Sovétríkin í Kalda stríðinu. Almennt snúast geimferðir þó — og þá sérstaklega til Mars — að miklu leyti um að auka þekkingu okkar á alheiminum og veru okkar í honum, en þær eru einnig mikilvægur þáttur í að byggja upp framtíð mannkyns. Á *Stjörnufræðivefnum* má lesa um Apollo-geimferðaráætlanina: <http://www.stjornufraedi.is/solkerfid/geimferdir/apollo-geimaaetlunin/>
2. Einnig mætti ræða hvaðan nafnið Mars kemur, þ.e. að plánetan er nefnd eftir herguð Rómverja og einnig að skoðanöfn hinna plánetanna. Allar eru þær nefndar eftir rómverskum og grískum guðum og gyðjum. Mikill hluti fyrirbæra sem uppgötvað eru í geimnum, t.a.m. tungl pláneta, fjöll á Mars og fleira, draga nöfn sín af fyrirbærum í goðsögum.
  - Merkúr/Merkúríus: guð verslunar og ferðalaga — sendiboði guðanna. Grísk hliðstæða: Hermes.
  - Venus: Ástargyðja. Grísk hliðstæða: Afródíta.
  - Mars: Stríðsguð. Grísk hliðstæða: Ares.
  - Júpíter: Höfuðguðinn. Grísk hliðstæða: Seifur.
  - Satúrnus: Landbúnaðar-/frjósemisguð. Faðir Júpíters. Grísk hliðstæða: Krónos.

- Úranus: Eina reikistjarnan sem nefnd er eftir grískum guði. Frumguð sem var holdgervingur himinsins.
- Neptúnus: Sjávarguð. Grísk hliðstæða: Póseidon.
- Plútó: Guð undirheimanna. Grísk hliðstæða: Hades. (Plútó er tvístyrni tveggja dvergpláneta sem snúast um hvor aðra. Hin plánetan heitir Karón, nefnd eftir ferjumanninum sem flytur látið fólk niður ána Styx, alla leið niður í undirheima Hadesar, skv. grískri goðafræði).

### Ítarefni

Goðsagnir heimsins í mynd og máli. 1998. ritsj. Roy Willis, þýð. Ingunn Ásdísardóttir. Mál og menning, Reykjavík.

## Geimverurnar og barnið

*bls. 105*

Elísabet Kristín Jökulsdóttir er fjölbær og frumlegur höfundur en hún hefur skrifað ljóð, örsögur, skáldsögur, leikrit og fleira. Hún hlaut Fjöruverðlaunin árið 2015 og var tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2016. Nánari upplýsingar um Elísabetu Jökulsdóttur og verk hennar má lesa á vefnum [bókmenntir.is](http://bókmenntir.is)

### Almennt

Tökum við eftir hvert öðru? Á tímum snjalltækja og stöðugt aukins áreitis má velta því fyrir sér hvort við veitum hvort öðru athygli og fylgjumst með því sem gerist í kringum okkur, eða hvort símarir og tækin taki athygli frá þeim sem standa okkur næst? Eða hefur kannski lítið breyst? [http://commons.wikimedia.org/wiki/File:Men\\_reading\\_the\\_want\\_advertisements\\_for\\_jobs\\_Melinda\\_Street.jpg](http://commons.wikimedia.org/wiki/File:Men_reading_the_want_advertisements_for_jobs_Melinda_Street.jpg)

### Staldráðu við bls. 105

1. Ímyndað samtal foreldranna gefur ýmsa möguleika. Til dæmis hljóta þau að eiga önnur börn því þau eiga barnabörn. Hugsanlega hafa þau ekki lært mikið af barnshvarfinu, fyrst þau þekkja barnabörnin sín ekki í sjón. En kannski eru þau bara orðin svona fjörgömul eða kannski sjá þau illa.
2. Vangaveltur um framtíð barnsins geta vakið upp spurningar um hvernig barninu leið hjá geimverunum og um eðli tímans (tíminn virðist standa í stað hjá þeim).

### Ítarefni

- Á blaðsíðu 18 kennsluleiðbeiningum Flökkuskinnu er umfjöllun um örsögur. [http://vefir.nams.is/klb/flokkuskinna\\_klb.pdf](http://vefir.nams.is/klb/flokkuskinna_klb.pdf)

## Vísindaskáldskapur

bls. 106

### Staldráðu við bls. 106

1. Fáar vísindaskáldsögur eftir íslenska höfunda hafa komið út. En sú fyrsta kallast *Ferðin til stjarnanna* og eftir Inga Vítalín (dulnefni Kristmanns Guðmundssonar). Það er upplagt að fá hópana til þess að leita uppi vísindaskáldsögur á íslensku, á frummáli eða þýddar, og gefa skýrslu um þær.

Ingi Vítalín. 2012 *Ferðin til stjarnanna*. formáli e. Ármann Jakobsson. 2. útg.; 1. útg: Almenna bókafélagið, 1959. Lesstofan, Reykjavík.

Hægt væri að virkja nemendur til að velta fyrir sér framtíðinni, samspili manns og tækni, geimferðum og möguleikum tækninnar, annars vegar í íslensku samhengi, hins vegar í stærra samhengi.

### Ítarefni og/eða bækur til að hafa í stofunni

- Shelley, Mary. 1999. *Frankenstein: eða hinn nýi Prómóþeus*. þýð. Böðvar Guðmundsson. Forlagið, Reykjavík.
- Verne, Jules. 2013. *Ferðin að miðju jarðar*, þýð. Friðrik Rafnsson. Skrudda, Reykjavík.
- Verne, Jules. 1957. *Sæfarinn: tuttugu þúsund mílur neðansjárvar*, þýð. Kristján Bersi Ólafsson og Ólafur P. Kristjánsson. Röðull, Hafnarfjörður.
- Wells, H. G. 1967. *Tímavélin*, þýð. Magnús Jónsson. Hildur, Reykjavík.

## Japönsk ljóð: hækur

Óþekktir höfundar bls. 108

Hér má lesa umfjöllun Jóhanns Hjálmarsson í *Morgunblaðinu* um bókina *Japönsk ljóð frá liðnum öldum*, þýðingar Helga Hálfðánarsonar á hækum og tönkum:  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pagelid=1481544](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pagelid=1481544)

### Staldráðu við bls. 109

1. Ljóðaverkefni sem byggir á útskýringum á hækum efst á bls. 108.

### Ítarefni

- Magnús Björnsson og Hrólfur Sveinsson\*. 2011. Skumpu: hækur í miklu magni. Reykjavík, His. \*dulnefni fyrir Helga Hálfðánarson
- Hækur Pjeturs Hafsteins Lárussonar: <http://www.internet.is/pjetur/hik.html>

## 5. kafli: Undir norðurljósum

Í fimmta kafla er meðal annars lögð áhersla á:

- lestur og lesskilning
- listræna túlkun
- úrvinnslu myndrænna upplýsinga
- sjálfstæðar rannsóknir
- ritun
- umræður um erfiðar spurningar
- túlkun ljóða
- myndasögur

### Skuggasjónaukinn

*eftir Philip Pullman bls. 112*

Philip Pullman er einn af þekktustu barna- og unglingabókahöfundum Breta. Hann skrifar jöfnum höndum fyrir yngri börn og unglinga, þó hann sé þekktastur fyrir myrkefna þrileik sinn: *Gyllta áttavítann*, *Lúmska hnífinn* og *Skuggasjónaukann*. Gerð hefur verið kvikmynd eftir fyrstu bókinni, *The Golden Compass* í leikstjórn Chris Weitz. Myndin er aðgengileg á bókasöfnum.

#### Ítarefni

- Almenn umfjöllun um þrileik Pullmans á íslensku er á vef Ritlistar, en umsjónarkona vefsins, Anna Heiða Pálsdóttir, er þýðandi þrileiksins:  
[http://www.ritlist.is/pullman/dark\\_mat.htm](http://www.ritlist.is/pullman/dark_mat.htm)
- Opinber vefsíða höfundarins: <http://www.philip-pullman.com/>
- Kynningarvefur um Pullman: <http://www.randomhouse.com/features/pullman/>

#### Staldræðu við bls. 119

1–2. Þessi tvö verkefni henta ágætlega til að æfa skimun á texta, því að í þeim báðum þarf að leita að ákveðnum upplýsingum.

1. Möguleg svör: Serafína sér ókyrran himinn yfir heimskautssvæðinu, bráðnandi íshellu, láglendissskóga sem flæða yfir og ólgandi haf. Hún sér þoku og storma umhverfis Svalbarða. Hún sér að fjöllin eru snjólaus og svört og að það er aðeins snjór í skuggsælum lögðum. Hún sér sólina. Hún sér Jórek veiða rostung í sjónum, hún sér sjávarlöðrið verða rautt og hún sér björninn draga bráðina upp á steinsyllu. Hún sér þrjá refi fylgjast með birninum.

Þetta verkefni er líka hægt að útfæra myndrænt, til dæmis með því að teikna myndaseríu af flugi Serafínu og því sem hún sér á leið sinni.

## 2. Dæmi um svör:

- Líkt: Ísinn í norðri bráðnar, ísbirnir eiga erfiðara með að veiða þegar ísinn hverfur, snjór bráðnar seinna þar sem skuggsælt er, sjávarspendýr þurfa að koma upp á yfirborðið til að anda, rostungar eru með vígtennur, ísbirnir eru samlitir ísnum, það er hægt að leigja skip.
- Ólíkt: Þar eru til nornir, birnir tala og kunna að smíða, refir skilja tungumál, það er til þjóðflokkur sem heitir sígyptar, fólk og dýr geta ferðast á milli heima, það er hægt að fresta rotnun með töfrum, birnir geta tekið skip á leigu.

3. Hér er hægt að ræða annars vegar hringrás náttúrunnar og hins vegar hefnd og eðli hennar. Í verkefnunum sem tengjast sögunni um veiðigyðjuna í þriðja kafla er rætt um hefndina. Það er tilvalið að bera þessar söguhetjur saman, tilfinningar þeirra og afstöðu til hefndarinnar.

4. Þetta verkefni er tilvalið að vinna í samráði við myndmenntakennara.

## MÝRDALSJÖKULL

bls. 120

### Staldráðu við bls. 122

1. Myndirnar af jöklinum eru báðar teknar í september, en með 28 ára millibili. Hvetja má nemendur til að finna einfaldar leiðir til að bera myndirnar saman, til viðbótar við það augljósa; að horfa á þær hlið við hlið. Til dæmis með því að afrita þær, dekkja útlínurnar og leggja þá nýrri ofan á þá eldri.
2. Í textanum og viðtölunum er tæpt á mörgum ólíkum atriðum, allt frá skógarmörkum birkis til flugslýss á jökli. Í stað þess að láta nemendur velja sjálfa, getur bekkurinn eða hópurinn valið sama viðfangsefnið og unnið úr því í sameiningu.
3. Í staðinn fyrir að leita beinlínis að örnefnum er líka hægt að skoða kort af svæðinu með bekknum og staðsetja helstu kennileitin, svo sem Vík, Kötlú og Sólheimajökul.

### Aukaverkefni

Nemendur undirbúa og taka viðtal um efni sem tengist kaflanum — eða efni sem valið er í samráði við kennarann.

Viðtöl geta verið mjög góð leið til að afla sér upplýsinga og fá nýtt sjónarhorn á efni sem verið er að fjalla um.

Gott er að hafa eftirfarandi í huga við undirbúning viðtals:

- Hver er tilgangur viðtalsins, hvað vil ég fá að vita?
- Góður undirbúningur er lykillinn að vel heppnuðu viðtali. Það er gott að setja sig vel inn í viðfangsefnið, þannig verður auðveldara að semja vandaðar spurningar.
- Gott er að spyrja opinna spurninga. Opin spurning á sér ekki eitt rétt svar, hún getur kallað fram ólík svör. Lokuð spurning gefur fáa svarmöguleika, svo sem „já“, „nei“ eða „veit ekki“. Dæmi um opna spurningu er „Hvað finnst þér um nýja námsefnið í íslensku?“ Dæmi um lokaða spurningu gæti verið „Átt þú hjól?“



- Gott er að búa til spurningalista og forðast leiðandi spurningar. Dæmi um leiðandi spurningu er „finnst þér skólalóðin ekki ömurleg?“ Betra væri að spyrja til dæmis „hvað finnst þér um skólalóðina?“
- Ef taka á viðtalið upp er mikilvægt að prófa upptökutækið áður en farið er af stað, athuga hljóðstyrk og hleðslu, ef við á. Gott er að taka upp á hljóðlátum stað, utanaðkomandi hávaði getur verið mjög truflandi í upptöku.
- Á vefsvæðinu *sarpur.is* eru fjórar myndir af flakinu á jöklinum frá árinu 1981. Þær eru ekki mjög skýrar en þó má vel sjá brak á jöklinum:  
<http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=712063>
- Á *timarit.is* er grein frá 1987 um ummerki slyssins:  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pagelid=1669416](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pagelid=1669416)

### Bækur til að hafa í stofunni

- Helgi Björnsson. 2009. *Jöklar á Íslandi*. Opna, Reykjavík.
- *Kortabók handa grunnskólum* og önnur kort.

### Ítarefni

Ítarefni um hnattræna hlýnun er aðgengilegt á *Vísindavefnum*, til dæmis grein Halldórs Björnssonar „Er loftslag á jörðinni að breytast og af hverju?": <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=13219> og grein Jóns Mús Halldórssonar „Hvað veldur gróðurhúsaáhrifum?": <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=4686>

Á vef Umhverfisstofnunnar, <http://ust.is/>, eru upplýsingar um loftslagsbreytingar, ástand Vatnajökuls og fleira sem tengist efni kaflans. Á vef Veðurstofunnar undir liðnum loftslag eru upplýsingar um loftslagsbreytingar, líkleg áhrif þeirra á Íslandi og fleira.

Á vef Jöklarannsóknafélagsins er meðal annars mjög gott myndefni sem sýnir rýrnun jökulsporða og margt fleira áhugavert: <http://spordakost.jorfi.is/index.shtml>

Á vefnum *ismus.is* eru frásagnir vitna af Kötlugosinu 1918, til dæmis frásögn Gísla Tómassonar frá Melhóli <http://www.ismus.is/i/document/id-162801>

Á vef Mýrdalshrepps eru upplýsingar um eldstöðina, og auk þess þjóðsagan af matseljunni Kötlum og sauðamanninum Barða <http://www.vik.is/Sagan/saga4.htm>

## Ísbirnir

### Staldræðu við bls. 124

1. Einnig væri hægt að finna út í sameiningu með nemendum hvar ísbirnir búa, til að mynda með því að varpa Google á tjald/vegg og slá inn leitarorð í samvinnu við nemendur.
2. Móttaka hvítabjarna hér á landi hefur verið gagnrýnd harðlega bæði innanlands og utan. Auk þess eru skiptar skoðanir um hvort yfirleitt sé æskilegt að fanga dýrin lifandi, hvítabirnir eru hættulegar skepnur sem ekki er óhætt að hafa nálægt mannabyggðum.

## Aukaverkefni

Sýna nemendum brot úr náttúrulífsmyndum um ísbirni, á borð við BBC-þættina *Frozen Planet*. Á bókasöfnum er mögulegt að nálgast þættina með íslenskri talsetningu.

Við áhorf gætu nemendur skrifað niður þrjár eða fleiri staðreyndir um ísbirni sem þeim þykja mikilvægastar og/eða merkilegastar. Möguleiki á umræðum eða frekari ritunarverkefnum í kjölfarið.

## Ítarefni

- Baldur Jóhann Þorvaldsson, „Ógnvætturinn á ísnum“, *Lifandi vísindi* (Reykjavík: Lifandi vísindi, 2002; 14. tlb.), bls. 54–57.
- Vera Illugadóttir, „Ísbirnir“, *Skakki turninn* (Reykjavík: Skakki Turninn, 2008; 6. tlb.), bls. 52–54.
- Þorgrímur Þráinsson, *Þriðji ísbjörninn* (Reykjavík: Mál og menning, 2008) — Bókin er gefin út sama ár og tveimur ísbjörnum rak á land. Nemendur gætu lesið bókina alla eða brot úr henni.

## Samar og jojk

### Staldráðu við bls. 127

1. Þetta verkefni er tilvalið sem lítið rannsóknarverkefni fyrir nemendur. Gott væri að leyfa þeim að nota vefinn að vild til að leita upplýsinga, en hvetja þau til að fara á bókasafnið. Vert væri að kynna verkefnið með því að sýna á korti hvar Samar búa í dag, og benda á að þeir bjuggu einnig sunnar. Verkefnið er til dæmis hægt að vinna sem stutta ritgerð eða kynningu fyrir bekkinn.

## Svartir steinar

*eftir Ellen Marit Gaup Dunfjeld bls. 128*

Ellen Marit Gaup Dunfjeld er norskt ljóðskáld af samískum ættum. Ljóðið *Svartir steinar* er dæmi um samíska samtímaljóðist sem ekki er jojk, þótt umfjöllunarefnin geti verið lík. Jojk er einmitt nefnt í þessu ljóði.

### Staldráðu við bls. 128

1. Ljóðið „Svartir steinar“ lýsir að öllum líkindum yfirgefnum samískum kofa eða húsi, og á þann hátt lýsir hann horfnum heimi með trega. Eftir stendur aðeins grunnurinn og að öllum líkindum eldstæði; sótugir steinar. En það er að sjálfsögðu túlkunaratriði. Byggingaraðferð viðarkofa og viðarhúsa er eitt af því sem hefur varðveist í samískri menningu. Í kjölfar ritunarverkefnisins mætti sýna nemendum myndir af samískum híbýlum: tjöldum, kofum jafnt sem húsum.

**ATH:** Næsti verkefnaliður tengist ljóðinu „Heyr rödd formæðranna“ sem er staðsett í upphafi *Töfraskinnu*, á bls. 4. Gott væri að biðja nemendur að fletta til baka og lesa ljóðið aftur.

2. „Heyr rödd formæðranna“ kallast „Gula gula“ á frummálinu og er eitt þekktasta lag Mari Boine. Með því að leyfa nemendum að heyra lagið gefur það þeim góða mynd af því hvernig jojk-textar eru fluttir. Textarnir eru bundnir söngnum og tónlistinni sterkum böndum. Hægt er að nálgast lagið *Youtube.com* eða með því að fá diska lánaða á bókasafni. Aðrir þekktir jojkarar eru Frode Fjellheim sem lagði Disney lið í opnunarlagi myndarinnar *Frozen*, Nils-Aslak Valkeapää, Sofia Jannok o.fl.

Umræðurnar um jojktextann mun ef til vill snúast um mengun og ágang manneskjunnar á jörðina. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar má finna góðar og gagnlegar upplýsingar um mengun: <http://www.ust.is/>

Í Ásatrúnni til forna voru töfrapulur og seiður mikilvægur hluti trúarlífsins. Seiður Samanna tengdust andatrú þeirra, en seiður norræna manna tengdist blóti þeirra og tengslum við guðina. Völvan spilaði þar veigamikið hlutverk, sbr. *Völuspá*. Umræðurnar væri hægt að nota til að rifja upp galdra- og töfraverkefnið í 2. kafla.

### Þýðandinn

Þýðandi beggja ljóða í þessum hluta um Sama og jojk er Einar Bragi (1921–2005). Hann var mikilsvirt ljóðskáld, afkastamikill þýðandi og ritstjóri. Hann var meðal annars einn af stofnendum bókmenntatímaritsins *Birtings* árið 1953. Hann var helsti þýðandi samískrar ljóðlistar á íslensku og hann lagði áherslu á að kynna samíska menningu fyrir Íslendingum. Lesa má nánar um störf Einars Braga á vefnum *Bókmenntir.is*

### Aukaverkefni

Tilvalið er að sýna nemendum samíska fánann og segja frá merkingu hans.

- <http://www.samer.se/1146>
- [http://www.eng.samer.se/servlet/GetDoc?meta\\_id=1146](http://www.eng.samer.se/servlet/GetDoc?meta_id=1146)

### Ítarefni

Heimasíða Sama-safnsins í Jokkmokk í Norður-Svíþjóð: <http://www.ajtte.com/>

Í þessum tveimur bókum er að finna góða kafla um jojk og samíska menningu:

- *Hvísla að klettinum: Ljóð, jojk, þjóðsögur og ævintýri úr fórum Sama*. 1981. Þýð. Einar Bragi. Menningarsjóður, Reykjavík.
- *Undir norðurljósum: samísk ljóð*. 2003. Þýð. Einar Bragi. Ljóðbylgja, Reykjavík.

Þuríður Jónasardóttir. 2007. *Menning Sama og staða kvenna samískum samfélögum*, rafrænt efni, lokaritgerð. Háskólinn á Akureyri, Akureyri.

## Fyrstu skrefin

*eftir Nuka K. Godtfredsen bls. 130*

Nuka K. Godtfredsen (f. 1970) er grænlenstur listamaður og grafískur hönnuður.

*Fyrstu skrefin* er afurð samstarfsverkefnis hans og fornleifafræðinga frá SILA, Grænlandsdeild þjóðminjasafns Danmerkur.

## Staldræðu við bls. 132

1. Augljós samanburður væri *Veiðigyðjan* og *Hungurleikarnir*. Umræðan gefur kost á að rifja upp fyrri texta bókarinnar, tengja þá saman og setja í samhengi. Hér eru nokkrar aðrar tengingar og/eða hugrenningartengsl. Listinn er ekki tæmandi:
  - Nálfar leita matar í *Flóttanum* þó að það komi ekki fram í byrjunartextanum.
  - Tröll og risar vilja borða menn.
  - Fenrisúlfrur var bundinn — sem voru veiðar í sjálfu sér.
  - Raunveruleikasjónvarp tengist oft sjálfsbjargarviðleitni.
  - Jórekur Byrnisson Ísbjarnakonungur veiðir og étur rostunginn og ferðast síðan þangað sem Lee Scoresby liggur veginn og étur hann.
  - Samar voru og eru mikil veiðipjóð.
  - Aftur á móti lifa Dímon konungur í *Tímakistunni* og Áróra prinsessa í allsnægtum.
2. Umræðan gæti snúist um það að þjóðsögur skapist út frá umhverfi og aðstæðum fólks. Í íslenskum þjóðsögum búa álfar og huldufólk í klettum, þókan ber með sér dulúð og drauga, kynjaskepnur koma stundum á land o.s.frv. Hvað ætli sögur þessa fólks fyrir 4500 á norðurlóðum hafi fjallað um? Dýr, ófreskjur, kulda, ís, veiðar, anda, dáðir, háska?
3. (3.-7.) Þessir verkefnaliðir eru hugsaðir sem bæði myndalestur og textaleit. Frjálslegt verkefni sem gæti skapað umræður og hugmyndir að smáum verkefnum.

## Aukaverkefni

Sagan á sér stað fyrir 4500 árum, löngu áður en Ísland byggðist. Hvað átti sér stað annars staðar í heiminum? Hér má til dæmis ræða í þekktum hvað átti sér stað annars staðar í heiminum á þessum tíma, eða senda nemendur á stúfana til að gera einstaklingsrannsókn: Finna eitt menningarsamfélag í hverri heimsálfu á þessum tíma og skrifað um það nokkrar setningar.

## Annað

Grænland þá og nú. Ráð væri að sýna nemendum daglegt líf í Grænlandi í dag. Vefsíðan *Greenland Today* er kjörin til þess: <http://greenlandtoday.com/>

## Desemberbréf

*eftir Gyrði Elíasson bls. 133*

Gyrðir Elíasson hefur gefið út fjölda ljóðabóka, skáldsagna, sagnasafna og þýðinga. Verk Gyrðis hafa komið út víða um heim og hann hefur hlotið margskonar verðlaun og viðurkenningar, svo sem Íslensku bókmenntaverðlaunin og Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. Nánar má lesa um Gyrði og verk hans á vefnum bókmenntir.is

### **Staldræðu við bls. 133**

1. Walter de la Mare (1873–1956) var breskt ljóðskáld og rithöfundur. Hann skrifaði jafnt fyrir börn og fullorðna, ljóð, smásögur, skáldsögur, ritgerðir og leikrit. De la Mare hafði auga fyrir hinu hverfula og dularfulla og meðal verka hans má finna ævintýri, draugasögur og hryllingssögur.

Ein af spurningunum sem má velta fyrir sér hér er hvort við þurfum að vita hver Walter er til að njóta ljóðsins. Og hvort upplifun ljóðsins verði öðruvísi, ef við vitum eitthvað um bakgrunn þess.

2. Til að leysa þetta verkefni gæti verið gott að gera sér einhverjar hugmyndir um aðstæður Walters. Hvað er þetta handanland? Það koma þónokkrar upplýsingar fram í ljóðinu, en ímyndunaraflið verður að bæta því við sem á vantar.